



Fundargerð

33. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, 12.maí 2026 kl. 14:30

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Guðrún Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara

Fjóla Kristinsdóttir sveitarstjóri,

Bryndís Eðvarðsdóttir, fulltrúi foreldra

Sigrún Hreiðarsdóttir, skólastjóri

Guðrún Ása Kristleifsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar

Sigríður Þorbjörnsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðrún Helga Jóhannsdóttir.

1. Skóladagatal Kerhólsskóla

Vegna fyrirhugaðrar námsferðar starfsfólks alls skólans í maí 2027 eru starfsdagar í grunnskóladeild Kerhólsskóla skólaárið 2026-2027 átta á kennslutíma, eða þremur fleiri en venja er. Heildarfjöldi kennsludaga yfir skólaárið helst sá sami eða 180 dagar. Grunnskólakennarar eru með þessu að færa þrjá endurmenntunardaga frá ágúst 2026 fram til maí 2027.

Fyrirhugað er að hefja innleiðingu á verkefninu Heillasporum og er námsferðin liður í því.

Nefndin leggur samhljóða til við sveitarstjórn að samþykkja framlögð skóladagatöl fyrir skólaárið 2026-2027.

Sjá nánari umræðu um skóladagatal 2026-2027 í fundargerð 32.fundar skólanefndar. Helstu breytingar frá fyrri samþykkt eru tilfærsla á vetrarfríi og leiðrétting á skipulagsdegi þann 10. mars í hálfan dag úr heilum degi.

2. Húsnæðismál skólans

Breytingar á teikningum skólans ræddar. Sveitarstjóri ætlar að kanna stöðuna og fá tímalínu á framkvæmdum við skólann og koma á fundi á milli húsnæðisnefndar og stjórnenda skólans. Mjög brýnt er að næsta skólanefnd taki málið fyrir strax á nýju kjörtímabili.



3. Skólastefna GOGG

Skólanefnd hefur hafið undirbúning að mótun nýrrar skólastefnu. Áframhaldandi vinnu við stefnuna er vísað til næstu skólanefndar. Brýnt er að vinna við stefnuna haldi áfram sem fyrst því miðað er við að skólanámsskrá verði í framhaldinu endurskoðuð í takt við nýja stefnu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:36.

Þetta var síðasti fundur nefndarinnar á þessu kjörtímabili.